

sem þau eru í samræmi við dómkröfur stefnanda, verða kröfur hans teknar til greina að öllu leyti. Eins og áður er sagt, hefur stefndi ekki sótt þing og engum andmælum hreyft, og verður því að dæma málið, eins og það liggur fyrir héraðsdómara samkvæmt fullyrðingum stefnanda.

Málskostnaður ákveðst kr. 4.900.00.

Ólafur B. Árnason, fulltrúi yfirborgardómara, kvað upp dóm þennan.

#### Dómsorð:

Stefndi, Sigurður Ármann Magnússon, greiði stefnanda, Slippfélaginu h/f, kr. 20.000.00 með 1% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 14. nóvember 1966 til greiðsludags og kr. 4.900.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögibrtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

---

Föstudaginn 13. marz 1970.

Nr. 138/1969. **Björn G. Björnsson**

(Jóhannes Helgason hdl.)

gegn

**Ástu Stefánsdóttur og gagnsök**

(Magnús Thorlacius hrl.).

#### Dómenður:

hæstaréttardómaramennir Einar Arnalds, Benedikt Sigurjónsson, Gizur Bergsteinsson og Gunnar Thoroddsen og prófessor Gaukur Jörundsson.

Lífeyrisgreiðsla. Löghald.

#### Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 28. júlí 1969. Krefst hann þess, að honum verði dæmd sýkna af kröfum gagnáfrýjanda, að löghaldsgerðin frá 9. september 1968 verði felld úr gildi og að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu af sinni hálfu með stefnu 7. ágúst 1969. Krefst hún þess, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða henni kr. 122.008.83 ásamt 12% ársvöxtum af kr. 45.982.92 frá 31. desember 1966 til 1. apríl 1967, af kr. 57.817.95 frá þeim degi til 30. nóvember 1967, af kr. 89.378.03 frá þeim degi til 1. júlí 1968 og af kr. 122.008.83 frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst gagnáfrýjandi þess, að staðfest verði löghaldsgerðin frá 9. september 1968 til tryggingar dæmdum fjárhæðum. Loks krefst hún málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta ákvæði hans um kr. 74.852.07 greiðslu úr hendi aðaláfrýjanda til gagnáfrýjanda ásamt vöxtum. Rétt þykir, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst samtals kr. 25.000.00. Er löghaldsgerðin frá 9. september 1968 staðfest til tryggingar fjárhæðum þessum, þó svo, að upphafstími vaxta reiknast frá 5. júlí 1968, eins og löghaldsgerðin kveður á um.

#### Dómsorð:

Framangreint löghald er staðfest.

Aðaláfrýjandi, Björn G. Björnsson, greiði gagnáfrýjanda, Ástu Stefánsdóttur, kr. 74.852.07 ásamt 7% ársvöxtum af kr. 28.210.44 frá 1. janúar 1967 til 1. apríl 1967, af kr. 35.471.19 frá þeim degi til 1. desember 1967, af kr. 54.833.19 frá þeim degi til 1. júlí 1968 og af kr. 74.852.07 frá þeim degi til greiðsludags. Svo greiði aðaláfrýjandi og gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 25.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

#### Dómur bæjarþings Reykjavíkur 30. júní 1969.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 25. f. m., hefur Ásta Stefánsdóttir frú, Hávallagötu 38 hér í borg, höfðað fyrir bæjarþingi

Reykjavíkur með stefnu, birtri 10. september 1968, gegn Birni G. Björnssyni, Freyjugötu 43 hér í borg.

Dómkröfur stefnanda eru nú þær, að stefnda verði dæmt að greiða kr. 122.008.83 með 12% ársvöxtum af kr. 45.982.92 frá 31. desember 1966 til 1. apríl 1967, af kr. 57.817.95 frá þeim degi til 30. nóvember 1967, af kr. 89.378.03 frá þeim degi til 1. júlí 1968 og af kr. 122.008.83 frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu. Jafnframt er þess krafizt, að staðfest verði löghald, er gert var í fógetadómi Reykjavíkur 9. september 1968 til tryggingar ofangreindri skuld. Þá krefst stefnandi málskostnaðar, þar á meðal löghaldskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi krefst sýknu og að honum verði tildæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati dómsins.

Málavextir eru þessir:

Aðiljar málsins gengu í hjónaband 1. ágúst 1931. Með leyfisbréfi, dags. 24. júní 1948, útgefnu af dómsmálaráðuneytinu, fengu hjónin leyfi til algers skilnaðar „með þeim skilmálum, að konan hafi forræði og annist framfærslu sonar þeirra Reynis, 14 ára, en maðurinn greiði meðlag með konunni kr. 700.00 auk verðlagsvísitölu 300 í næstu 5 ár frá 1. þ. m. að telja, en þar eftir kr. 400.00 á mánuði sem verðlagsvísitölu. Meðlagið greiðist fyrir fram 1. hvers mánaðar, en fyrir yfirstandandi mánuð þegar í stað“. Áður, eða hinn 26. maí 1948, höfðu hjónin gert með sér skriflegt samkomulag um skilnaðarkjör. Í 4. gr. samningsins segir: „Maðurinn lofar að greiða í meðlag með konunni 700.00 kr. á mánuði í næstu 5 ár og síðan 400.00 kr. á mánuði, hvort tveggja auk dýrtíðaruppbótar, eins og hún er greidd á laun opinberra starfsmanna. Verðlagsvísitala er nú 300 stig. Meðlagsgreiðslur þessar falla niður, ef konan stofnar til hjúskapar að nýju“. Jafnframt er tekið fram í samningnum, að stefndi greiði stefnanda ekki meðlag með syni þeirra, en lofar að kosta menntun hans að öllu leyti. Þá skyldi fasteignin nr. 38 við Hávallagötu vera eign konunnar, en stefndi lofaði að greiða áhvílandi 1. veðréttarskuld. Þá komu allir innanstokksmunir og búslóð á heimili hjónanna í hlut konunnar. Einnig fékk konan sparisjóðsinnstæðu í Útvegsbankanum svo og bifreiðina R 58. Stefndi ánafnaði syni þeirra hlutabréf í Loftleiðum h/f ásamt fleiru. Jafnframt afhenti stefndi stefnanda líftryggingarskírteini og skuldbatt sig til þess að greiða iðgjald af því. Þá segir í samningnum, að allar aðrar eignir félagsbúsins falli til stefnda, enda taki hann að sér að

greiða allar áhvílandi skuldir og skuldbindingar, þar á meðal skatta og opinber gjöld fyrir árið 1948.

Á tímabilinu frá 1. marz 1949 til 1. janúar 1966 greiddi stefndi í lífeyrisgreiðslur til stefnanda samkvæmt áðurgreindri 4. gr. skilmálanna samtals kr. 464.419.16 að hans eigin sögn.

Með bréfi, dags. 14. desember 1965, ritaði stefndi dómsmálaráðuneytinu bréf. Þar segir m. a.: „En sjálfur fékk ég úr búinu aðeins hlutabréf í Sænsk-íslenzka frystihúsinu h.f. að nafnverði kr. 50.000.00. Með hliðsjón af þeim eignum, sem konan fékk við búskipti, og þar sem ég hefi stofnað heimili á ný, vænti ég þess, að dómsmálaráðuneytið sjái sér fært að fella niður frá og með 1. október s.l. meðlagsgreiðslur með fyrrverandi konu minni“.

Dómsmálaráðuneytið sendi stefnanda erindi þetta til umsagnar með bréfi, dags. 22. desember 1965. Stefnandi lét undan fallast að taka afstöðu til erindis þessa. Með bréfi, dags. 25. janúar 1966, ritaði dómsmálaráðuneytið stefnda svofellt bréf:

„Eftir viðtöku bréfs yðar, dags. 14. f. m., þar sem þess er óskað, að fellt verði niður frá 1. október s.l. að telja ákvæði í leyfisbréfi til lögskilnaðar til yðar og frú Ástu Stefánsdóttur, útg. 24. júní 1948, um meðlagsgreiðslur til hennar af yðar hálfu, tilkynnist yður hér með, að ráðuneytið fellst á, að meðlagsgreiðslan falli niður frá 1. janúar 1966 að telja“.

Lögmaður stefnanda ritaði dómsmálaráðuneytinu bréf, dags. 22. apríl 1966, með beiðni um endurupptöku málsins. Varð dómsmálaráðuneytið ekki við þeim tilmælum án þess þó að skjalfesta þá neitun. Með bréfi, dags. 6. maí 1967, til fógetaréttar Reykjavíkur krafðist stefnandi lögtaks í eignum stefnda til tryggingar lífeyrisskuld, sem stefnandi taldi stefnda þá skulda samkvæmt áðurgreindu leyfisbréfi, tímabilið frá 1. janúar 1966 til 1. apríl 1967. Stefndi lét mæta í máli þessu í fógetaréttinum, og var málið þar sótt og varið af aðiljum. Kvað fógeti upp úrskurð í málinu 14. ágúst 1967 með þeirri niðurstöðu, að lögtak samkvæmt beiðni stefnanda skyldi ekki fara fram. Stefnandi áfrýjaði úrskurði fógeta til Hæstaréttar, sem kvað upp dóm í málinu 3. apríl 1968. Í forsendum dóms Hæstaréttar segir m. a.: „Í leyfisbréfi til lögskilnaðar aðilja 24. júní 1948 staðfestir dómsmálaráðuneytið ákvæði greinds samkomulags um lífeyrisgreiðslur stefnda. Með bréfi 25. janúar 1966 lýsti ráðuneytið því samkvæmt beiðni stefnda 14. desember 1965, „að meðlagsgreiðslan falli niður frá 1. janúar 1966 að telja“. Í þessari ákvörðun felst, að niður er felld staðfesting ráðuneytisins á lífeyrissamningi aðilja.

Að svo komnu fylgir lífeyriskröfu áfrýjanda eigi lögtaksréttur, sbr. 6. tölulið 1. gr. laga nr. 29/1885. Ber því að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða úrskurðar“.

Með bréfi, dags. 5. júlí 1968, ritaði stefnandi borgarfégeta-embættinu beiðni um löghald í eignum stefnda til tryggingar lífeyrisskuld stefnda, kr. 125.953.84.

Málið var því næst tekið fyrir í fégetarétti Reykjavíkur. Stefndi mótmælti hinu umbeðna löghaldi. Var ágreiningsefni það sótt og varið fyrir fégetaréttinum. Fégeti kvað upp úrskurð um það 9. september 1968, að löghaldið skyldi fram fara. Og sama dag lýsti fégeti yfir löghaldi í bifreiðinni R 313, Bronco, árgerð 1966, sem skráð var eign stefnda. Höfðaði stefnandi því næst mál þetta, svo sem fyrr er lýst.

Með bréfi, dags. 23. apríl 1969, leitaði lögmaður stefnanda álitis dómismálaráðuneytisins á afgreiðslu þess á málinu á sínum tíma. Svarbréf ráðuneytisins, sem liggur frammi í málinu, er dags. 16. maí 1969. Það er svohljóðandi:

„Ráðuneytið skírskotar til bréfs yðar, herra hæstaréttarlögmaður, dags. 23. f. m., þar sem óskað er greinargerðar um forsendur fyrir úrskurði ráðuneytisins frá 25. janúar 1966, þar sem ákveðið er, að niður skyldi felld frá 1. janúar 1966 meðlagsgreiðsla af hálfu Björns G. Björnssonar, Freyjugötu 43, Reykjavík, til fyrrverandi eiginkonu hans, Ástu Stefánsdóttur, Hávallagötu 38, er ákveðin hafði verið í leyfisbréfi til algers skilnaðar milli þeirra, útgefnu 24. júní 1948, sem hér með fylgir í afriti.

Af þessu tilefni vill ráðuneytið upplýsa eftirfarandi:

Með bréfi, dags. 14. desember 1965, sem hér með fylgir í afriti, fór Björn G. Björnsson þess á leit, að umræddar meðlagsgreiðslur yrðu felldar niður. Erindi þetta var sent Ástu Stefánsdóttur til umsagnar hinn 22. desember 1965, en svar barst ekki frá hennar hálfu. Svo sem fram kemur í framangreindum afritum, er ekki í skilnaðarleyfisbréfinu né í erindi Björns G. Björnssonar um breytingu á því vísað til sammings milli umræddra aðilja um skilnaðarkjör, dags. 26. maí 1948, og lá hann ekki fyrir ráðuneytinu, er úrskurður ráðuneytisins um að fella meðlagsákvaði skilnaðarleyfisbréfsins niður var gerður. Var því ekki með þeim úrskurði tekin afstað til þess sammings eða þess atriðis, hvort ráðuneytið teldi sig hafa heimild til að fella niður samninginn um réttargerning milli aðiljanna. Ráðuneytinu er ekki kunnugt um fordæmi þess, að slík atriði hafi verið til meðferðar hjá ráðuneytinu“.

Stefnandi styður kröfur sínar þeim rökum, að dómismálaráðuneytið hafi ekki haft vald til þess að fella niður lífeyrisgreiðsluna, sem stefndi gekkst undir að greiða með 4. gr. skilnaðarskilmálanna. Samkvæmt upplýsingum frá dómismálaráðuneytinu þá muni fulltrúi sá, er hafði málið til afgreiðslu, ekki hafa vitað, að lífeyrisgreiðslan var byggð á samningi, og því haldið, að málið heyrði undir 78. gr. laga nr. 39/1921 um stofnun og slit hjúskapar. Með því að hér sé um að ræða samning um lífeyri, heyrir þetta mál undir 79. gr., 1. mgr., sömu laga. Dómismálaráðuneytið hafi því enga heimild haft til þess að fella þennan samning úr gildi. Samkvæmt síðastgreindri lagagrein geti dómstólar hrundið skilnaðarkjörum, ef bersýnilegt sé, að þau séu ósamngjörn, en frestur til málshöfðunar sé 6 mánuðir frá lögskilnaði. Sá frestur sé löngu út runninn og auk þess sé á það að líta, að það sé ekki rétt, að á hlut stefnanda hafi verið gengið við skilnaðinn, enda sé það með öllu ósannað. Dómismálaráðuneytið hafi ekki viljað breyta hinni löglausu ákvörðun sinni. Sé málið því lagt fyrir dómstólana, en samkvæmt 60. gr. stjórnarskrárinnar skeri dómendur úr öllum ágreiningi um embættistakmörk yfirvalda. Beri því samkvæmt framansögðu að taka kröfur stefnanda til greina og dæma stefnda til að greiða stefnanda lífeyri samkvæmt margnefndri 4. gr. skilnaðarskilmálanna frá 1. janúar 1966 til 1. júlí 1968, svo sem krafizt hefur verið.

Kröfu sína um sýknu styður stefndi þeim rökum, að ákvörðun stefnanda og stefnda um lífeyrisgreiðslu til stefnanda hafi verið lögð fyrir dómismálaráðuneytið til staðfestingar. Það þýði, að dómismálaráðuneytið hafi úrskurðað eða ákveðið lífeyrisgreiðsluna. Í lögskilnaðarleyfinu sé beinlínis ákvarðað, að stefndi skyldi greiða fyrst kr. 700.00 á mánuði í 5 ár, en síðan kr. 400.00. Af þessu leiði, að stefnda hafi verið lögmætt að leita úrskurðar ráðuneytisins um niðurfellingu lífeyrisgreiðslna í samræmi við ákvæði 78. gr. laga nr. 39/1921, en hins vegar eigi 79. gr. sömu laga ekki við, því að hún varði aðeins það tilvik, þegar aðiljar gera með sér samning, sem ekki er lagður undir ráðuneytið til úrskurðar eða staðfestingar. Þar sem dómismálaráðuneytið hafi, eftir að það hafði sent erindi stefnda um niðurfellingu lífeyrisgreiðslna til stefnanda til umsagnar, en hún hafi svarað því með þögninni einni saman, úrskurðað, að stefndi skuli vera laus allra mála, hljóti slíkt að leiða til þess, að sýkna beri stefnda, en eins og 78. gr. nefndra laga sé orðuð, sé dómismálaráðuneytinu fengið frjálst mat á því, hvort ástæða sé til að breyta fyrri úrskurðum

eða ákvörðun um lífeyri, og eigi dómstólar ekki úrskurðarvald um lögmati slíkrar ákvörðunar dómsmálaráðuneytisins, með öðrum orðum ákvörðun dómsmálaráðuneytisins sé undir frjálsu mati þess sjálfs komin og þá sé það meginregla, að dómendur geti eigi hreyft við slíkri ákvörðun, nema til þess sé sérstök heimild í löggjöf, en í þessu tilviki sé ekki um slíka heimild að ræða. Þegar stefndi hafði samþykkt með undirskrift sinni undir skilnaðarkjarasamninginn að greiða stefnanda lífeyri, hafi það verið umfram lagaskyldu, sbr. 75. gr. nefndra laga. Stefndi hafi viljað gera vel við stefnanda, enda hafi stefnandi fengið svo til allar eignir búsins. Í hlut mannsins hafi aðeins komið hlutabréf í fyrirtæki því, sem stefndi vann hjá, að nafnverði kr. 50.000.00 og það sé firra, að jafnt hafi verið skipt með þeim stefnanda og stefnda. Þessi samningur hafi verið óeðlilegur, knúinn fram við annarlegar aðstæður, er stefnandi gerði kröfu um lögskilnað vegna hjúskaparbrotis stefnda. Efnahagur stefnanda hafi farið batnandi með árunum, en efnahag stefnda hrakað. Það væri því ósanngjarnt að láta stefnda standa við samninginn ævilangt, sbr. meðal annars meginregluna í 10. gr. laga nr. 20/1923. Það sé að vísu rétt, að stefndi hafi samþykkt að greiða stefnanda ákveðna fjárhæð mánaðarlega í lífeyri, en í samningnum sé ekkert um það, að hann hafi um alla framtíð afsalað sér rétti til þess að krefjast endurskoðunar. Það sé hvergi minnt á það í samningnum, að stefndi eigi að vera bundinn ævilangt. Það virðist einsætt, að þetta hafi átt að standa opið til endurskoðunar, enda í beztu samræmi við þá meginreglu hjúskaparlaga, að allir slíkir samningar milli hjóna um forræði barna, meðlagsgreiðslur og framfærslueyri til maka séu háðir endurskoðun. Stefndi hefur lagt fram reikning yfir lífeyrisgreiðslur til stefnanda. Samkvæmt reikningnum telst stefnda svo til, að hann hafi greitt stefnanda samtals kr. 464.419.16 í lífeyri á tímabilinu maí 1948 til loka ársins 1965. Stefndi mótmælir útreikningi þeim, sem stefnandi leggur til grundvallar á lífeyriskröfu sinni í máli þessu. Sérstaklega mótmælir hann, að tilvikið B eigi við um lífeyriskröfu stefnanda. Stefndi bendir á, að með því að bera saman niðurstöðutölur á útreikningum þeim, sem stefnandi hefur lagt fram í málinu, og þá heildargreiðslu, kr. 464.419.16, sem hann kveðst hafa greitt stefnanda, þá komi í ljós, að hann hafi ofgreitt stefnanda lífeyrisfé. Til vara sé þess því krafizt, að sá mismunur verði notaður til skuldajafnaðar við kröfu stefnanda í málinu, ef svo ólíklega skyldi fara, að dómurinn tæki kröfu stefnanda til greina

að einhverju leyti eða öllu. Stefndi telur, að ef hliðsjón sé höfð af útreikningi A, sem rakinn hefur verið hér að framan, þá hafi hann átt að greiða á öllu tímabilinu kr. 404.092.48. Mismunurinn á síðastgreindri tölu og fjárhæðinni kr. 464.419.16, sem hann kveðst hafa greitt, nemi kr. 60.326.68. Krefst hann þess, að sú fjárhæð komi þá til skuldajafnaðar við kröfur stefnanda. Sé útreikningur B lagður til grundvallar, þá hafi hann átt að greiða kr. 451.701.37 á öllu tímabilinu. Miðað við þann útreikning sé mismunurinn kr. 12.717.79. Til þrautavara krefst stefndi þess, að sú fjárhæð verði lögð til grundvallar skuldajöfnuði. Að lokum mótmælir stefndi vaxtakröfu stefnanda sem allt of hárrí.

Upplýst er í málinu, að stefndi flutti af heimili aðiljanna haustið 1947. Er því haldið fram af hálfu stefnanda, að stefndi hafi verið búinn að taka upp sambúð með síðari konu sinni, Ragnhildi Kristjánsdóttur, þegar stefndi undirritaði skilnaðarskilmálana hinn 26. maí 1948. Stefndi og Ragnhildur gengu í hjónaband 17. nóvember 1950. Hinn 21. febrúar 1968 undirrituðu hjónin Ragnhildur Kristjánsdóttir og stefndi kaupmála, sem skrásettur var hjá borgarfégetaembættinu 18. apríl 1968. Í kaupmálanum segir:

„1. Séreign mín, Ragnhildar Kristjánsdóttur, skal vera húseignin nr. 43 við Freyjugötu hér í borg ásamt öllu innbúi samkvæmt meðfylgjandi lista. Svo skal og vera séreign mín sá arður, sem kann að verða af eigninni, og sömuleiðis það, sem ég kann að kaupa fyrir eign þessa, ef ég kynni að selja hana.

2. Fari svo, að ég falli frá á undan eiginmanni mínum, Birni G. Björnssyni, skal séreign þessi teljast hjúskapareign mín, og ber þá að skipta henni samkvæmt gildandi lögum.

Að öðru leyti fer um fjárhag okkar eftir almennum reglum“.

Við hinn munnlega málflutning lagði lögmaður stefnanda fram vottorð Jóns Gunnlaugssonar, dagsett 19. júní 1969, svohljóðandi: „Ásta Stefánsdóttir, f. 15/7 1905, Hávallagötu 38, Reykjavík, er óvinnufær utan heimilis vegna liðagigtar“. Lögmaður stefnda mótmælti vottorðinu sem röngu og óstaðfestu.

Í fyrstu málsgrein 79. gr. laga nr. 39/1921, sem stefnandi vitnar einkum til, segir: „Nú hafa hjón, vegna væntanlegs lögskilnaðar, komið sér saman um skiptingu eigna sinna, um bætur samkvæmt 74. gr. eða um framfærslu annars á hinu eða börnunum, og getur þá það hjónanna, er þykir hallað á sig, stefnt hinu fyrir dóm og dómarrinn hrundið samningnum, ef hann er bersýnilega ósanngjarn, enda sé mál höfðað innan 6 mánaða frá skilnaði“.

Það ákvæði 78. gr. laga nr. 39/1921, er stefndi byggir kröfur sínar á, er svohljóðandi: „Nú breytast kjör foreldra eða þörf barna, og má þá stjórnarráðið, krefjist annað foreldra þess, breyta ákvörðun um framfærslu foreldris á hinu eða börnunum“.

Dómsmálaráðuneytið tók samkvæmt venju upp í leyfisbréfið ákvæði skilnaðarskilmála um lífeyrisgreiðslu. Í því fólst enginn úrskurður eða ákvörðun af hálfu ráðuneytisins um lífeyrisgreiðsluna í skilningi nefnds ákvæðis 78. gr. laga nr. 39/1921, sem hér á því ekki við. Aðiljar málsins höfðu gert með sér samkomulag, sem 79. gr. nefndra laga tekur til. Það var því ekki á valdi dómsmálaráðuneytisins að fella lífeyrisgreiðsluna niður, eins og á stóð. Ber því að meta þá ákvörðun ráðuneytisins ógilda, og er stefnandi alls óbundinn af henni, enda verður eigi á það fallið með stefnda, að 10. gr. laga nr. 20/1923, sem fjallar um lífeyrisgreiðslur milli hjóna, án þess að um skilnað sé að ræða, eigi hér við. Og þar sem stefndi hefur að öðru leyti ekki sannað neinar þær ástæður, sem hagga þessari niðurstöðu, þá ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda lífeyri fyrir tímabil það, sem um er kafið í málinu.

Stefnandi sundurliðar lífeyriskröfu sína nú þannig:

1. Lífeyrir árið 1966, 12 mánuðir, kr. 3.831.91 á mánuði, . . . . . kr. 45.982.92
2. Lífeyrir mánuðina janúar til nóvember 1967, 11 mánuðir, kr. 3.945.01 á mánuði, . . . . . — 43.395.11
3. Lífeyrir frá 1. desember 1967 til 1. júlí 1968, 8 mánuðir, kr. 4.078.85 á mánuði, . . . . . — 32.630.80

---

Samtals kr. 122.008.83

Stefnandi byggir fjárhæðir lífeyrisgreiðslunnanna á útreikningi Hrólfs Ásvaldssonar og Hagstofu Íslands. Í útreikningi Hagstofu Íslands, sem dagsettur er 31. október 1968, segir svo:

„400 kr. grunnlaun á mánuði 1. janúar 1948 eins og þau hefðu orðið samanlögð frá þeim tíma og til 30. nóvember 1968, ef þau hefðu fylgt verðlagsuppbót til opinberra starfsmanna á hverjum tíma (tilvik A). Auk þess er reiknað, hver launin hefðu orðið, ef þau hefðu fylgt breytingum vísitölu framfærslukostnaðar á tímabilinu 1/3 1960 til 31/5 1964 (tilvik B).“

	Vísitölur, sem við er miðað meðaltöl.		Greiðsla (kr.) á mánuði skv. vísitölu, meðaltöl.	
	A	B	A	B
1/1 1948—28/2 1950	300	300	1200.00	1200.00
1/3 1950—31/12 1950	108.333 <sup>1)</sup>	108.333 <sup>1)</sup>	1300.00	1300.00
1951	131.00	131.00	1572.00	1572.00
1952	148.911	148.911	1786.93	1786.93
1953	157.25	157.25	1887.00	1887.00
1954	158.083	158.083	1897.00	1897.00
1955	162.250	162.250	1947.00	1947.00
1956	175.583	175.583	2107.00	2107.00
1957	180.667	180.667	2168.00	2168.00
1958	185.083	185.083	2221.00	2221.00
1959	177.25	177.25	2127.00	2127.00
1/1 1960—28/2 1960	175 <sup>2)</sup>	175 <sup>2)</sup>	2100.00	2100.00
1/3 1960—31/12 1960	100 <sup>3)</sup>	102.56	2100.00	2153.76
1961	100	107.40	2100.00	2255.40
1962	100	119.15	2100.00	2502.15
1963	100	134.61	2100.00	2826.81
1/1 1964—31/5 1964	100	156.81	2100.00	3293.01
1/6 1964—31/12 1964	100	163 <sup>4)</sup>	2100.00	3423.00
1965	103.507 <sup>5)</sup>	103.507 <sup>5)</sup>	2173.65	3543.06
1966	111.946	111.946	2350.87	3831.91
1/1 1967—31/3 1967	115.25	115.25	2420.25	3945.01
1/4 1967—30/11 1967	115.25	115.25	2420.25	3945.01
1/12 1967—30/11 1968	119.16	119.16	2502.36	4078.85

1) Vísitölu 1/3 1950 breytt í 100 og öll laun með verðlagsuppbót frá þeim tíma gerð að grunnlaunum (lög nr. 22/1950).

2) Vísitölunni 1/3 1959 breytt í 100 (lög nr. 1/1959).

3) Verðlagsuppbót á laun afnumin frá 1/3 1960 (lög nr. 4/1960). Jafnframt voru laun, eins og þau voru þá að meðtalinni verðlagsuppbót, gerð að grunnlaunum (sbr. og lög nr. 1/1959). Allar launahækkningar á tímabilinu 1/3 1960 til 31/5 1964 voru hækkningar á grunnlaunum. Í dálkum merktum B er reiknuð sú hækkun, sem varð á vísitölu framfærslukostnaðar það tímabil, sem bannað var að greiða verðlagsuppbót á laun, þ. e. frá 1/3 1960 til 31/5 1964.

4) Grunnlaun teljast þau laun, er greidd voru, þegar vísitala framfærslukostnaðar var 163, og reiknast verðlagsuppbót sam-

kvæmt hækkun frá kaupgreiðsluvisitölu 163, sbr. lög nr. 63/1964.

5) Með lögum nr. 70/1967 var ákveðin niðurfelling laga nr. 63/1964 um verðtryggingu launa, og skyldi sú verðlagsuppbót gilda, sem greidd var í desember 1967 (19.16%), þar til annað yrði ákveðið með samningum stéttarféлага og samtaka vinnuveitenda. Samkvæmt úrskurði Kjaradóms frá 21. júní 1968 fá opinberir starfsmenn greidda verðlagsuppbót á laun frá 1/4 1968, en þessi verðlagsuppbót er skert, og er í dag enginn á hærri launum. Í þessum útreikningi er ekki tekið tillit til þessarar verðlagsuppbótar“.

Svo sem fram kemur í áðurgreindri sundurliðun hjá stefnanda, þá miðar hann lífeyrisgreiðslurnar við tilvik B í útreikningi Hagstofu Íslands. Svo sem fyrr er frá greint, hefur stefndi mótmælt því, að útreikningurinn í tilvik B eigi hér við. Það er áður fram komið, að samkvæmt 4. gr. samnings aðiljanna um skilnaðarskilmála skyldi greiðslan miðast við „dýrtíðaruppbót, eins og hún er greidd á laun opinberra starfsmanna“.

Í skýrslu Hagstofunnar, tilvik A, kemur fram útreikningur, sem við það er miðaður, sbr. þó athugasemd Hagstofunnar nr. 5 við útreikninginn. Eins og málf lutningi aðiljanna er háttað, þykir bera að leggja til grundvallar nefndan útreikning, tilvik A, þrátt fyrir úrskurð Kjaradóms frá 21. júní 1968, sem kann að hafa í för með sér lítilsverð frávik á lífeyrisgreiðslum tímabilið 1. apríl til júliloka 1968. Samkvæmt því reiknast lífeyrisgreiðslurnar þannig:

1. Allt árið 1966, 12 mánuðir, kr. 2.350.87 á mánuði, kr. 28.210.44	
2. 1/1 1967—30/11 1967, 11 mánuðir, kr. 2.420.25 á mánuði, . . . . . — 26.622.75	
3. 1/12 1967—31/7 1968, 8 mánuðir, kr. 2.502.36 á mánuði, . . . . . — 20.018.88	

---

Samtals kr. 74.852.07

Að því er varðar lækkunarkröfu stefnda, þá sést á yfirliti hans um greiðslur til stefnanda, dskj. nr. 6, að á tímabilinu frá 13. marz 1959 til ársloka 1965 hefur stefndi greitt í lífeyri til stefnanda kr. 2.100.00 á mánuði. Eru greiðslur þessar í heild fyrir síðastgreint tímabil lægri en útreikningur Hagstofunnar, tilvik

A, segir til um. Er því ljóst, að stefndi hefur ekki ofgreitt stefnanda lífeyri á þessu tímabili. Með þessari athugasemd og þegar það er haft í huga, að viðurkennt er af stefnda, að hann hafi innt lífeyrisgreiðslurnar af hendi án nokkurs fyrirvara, þá eru eigi efni til að taka kröfu stefnda um lækkun vegna ofgreiðslu lífeyris fyrir 1. janúar 1966 til greina.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, verður stefndi dæmdur til að greiða stefnanda kr. 74.852.07 ásamt vöxtum, sem með tilliti til málavaxta og kröfugerðar stefnanda þykir þera að reikna þannig: 7% ársvexti af kr. 28.210.44 frá 1. janúar 1967 til 1. apríl s. á., af kr. 35.471.19 frá þeim degi til 1. desember s. á., af kr. 54.833.19 frá þeim degi til 1. júlí 1968 og af kr. 74.852.07 frá þeim degi til greiðsludags.

Þegar málavextir í heild eru virtir, þykir rétt, að stefndi greiði stefnanda kr. 6.000.00 upp í málskostnað.

Löghald, sem gert var í fógetarétti Reykjavíkur 9. september 1968 og áður er lýst, er staðfest til tryggingar ofangreindum fjárhæðum.

Bjarni K. Bjarnason borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendum Guðjóni Hansen tryggingafræðingi og Guðlaugi Þorvaldssyni prófessor.

#### Dómsorð:

Framangreint löghald er staðfest.

Stefndi, Björn G. Björnsson, greiði stefnanda, Ástu Stefánsdóttur, kr. 74.852.07 með 7% ársvöxtum af kr. 28.210.44 frá 1. janúar 1967 til 1. apríl s. á., af kr. 35.471.19 frá þeim degi til 1. desember s. á., af kr. 54.833.19 frá þeim degi til 1. júlí 1968 og af kr. 74.852.07 frá þeim degi til greiðsludags og kr. 6.000.00 upp í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

#### Löghaldsgerð fógetadóms Reykjavíkur 9. september 1968.

Ár 1968, mánudaginn 9. september, var fógetaréttur Reykjavíkur settur að Skólavörðustíg 12 og haldinn þar af fulltrúa yfirborgarfógeta, Péttri Axel Jónssyni, með undirrituðum vottum.

Fyrir var tekið: Fógetaréttarmálið C-64/1968: Ásta Stefánsdóttir gegn Birni G. Björnssyni.

Mál þetta, sem hér er til úrskurðar, hófst, er umboðsmaður gerðarbeiðanda, Magnús Thorlacius hæstaréttarlögmaður, ritaði

yfirborgarfógeta hinn 5. júlí 1968 löghaldsbeiðni, rskj. 1, þar sem hann fer fram á, að löghald verði lagt á eignir Björns G. Björnssonar fyrir upphæðinni kr. 125.953.84 með 12% ársvöxtum frá 5. júlí 1968 til greiðsludags auk málskostnaðar, gerðarbeiðanda að skaðlausu.

Krafa þessi er sprottin vegna samkomulags, er þau Ásta og Björn gerðu með sér í skilnaðarmáli 2. maí 1948.

Liggur nú fyrir að úrskurða, hvort löghaldið skuli ná fram að ganga.

Í greinargerð umboðsmanns gerðarbeiðanda, Magnúsar Thorlacius hæstaréttarlögmanns, sem lögð var fram í réttinum 19. júlí 1968, segir m. a.: „Þó að eigi fylgi lögtaksréttur lífeyriskröfunni, þá sé ekki þar með sagt, að lífeyriskrafan sé felld niður, enda bresti dómsmálaráðuneytið vald til að breyta samningi fullveðja aðilja um lífeyrisgreiðslur“.

Í greinargerð umboðsmanns gerðarþola, Guðmundar I. Sigurðssonar, sem lögð var fram í réttinum 29. júlí 1968, krefst hann, að synjað verði um framkvæmd löghaldsins og gerðarbeiðanda gert að greiða gerðarþola málskostnað.

Enn fremur segir í greinargerð Guðmundar I. Sigurðssonar, að réttindi þau, sem gerðarbeiðandi ætli sér að tryggja, sæti ekki úrlausn dómstóla.

Hæstaréttardómur, sem kveðinn var upp 3. apríl 1968 og Guðmundur Ingvi Sigurðsson vitnar til í greinargerð sinni, tók aðeins afstöðu til þess, hvort löghaldsréttur væri fyrir hendi, og taldi Hæstiréttur svo ekki vera, en um það, hvort dómsmálaráðuneytið hefði farið út fyrir embættistakmörk sín, var engin afstaða tekin.

Gerðarbeiðandi hefur lagt fram tryggingu í máli þessu, kr. 30.000.00, sem er í vörzlum fógeta.

Að því athuguðu, að dómstólar hafa ekki fjallað um réttmæti kröfu þessarar og að samkvæmt 60. gr. stjórnarskrárinnar segir, að dómendur skeri úr um öll embættistakmörk yfirvalda, þykir rétt, að löghald þetta nái fram að ganga, þó að því tilskyldu, að trygging sú, sem lögð hefur verið fram, hækki um kr. 10.000.00, þ. e. í kr. 40.000.00.

Umboðsmaður gerðarbeiðanda gerir kröfu um málskostnað skjólstæðing sínum að skaðlausu.

Umboðsmaður gerðarþola gerir þær kröfur, að gerðarbeiðandi verði dæmdur til að greiða gerðarþola málskostnað samkvæmt ákvörðun dómsins.

Rétt þykir, að málskostnaður fyrir fógætadómi falli niður, enda verður að ætla, að fram komi kröfur um málskostnað í staðfestingarmáli.

**Því úrskurðast:**

Löghaldið skal fara fram á ábyrgð gerðarbeiðanda, og trygging til handa gerðarþola ákveðst kr. 40.000.00.

---

Föstudaginn 13. marz 1970.

Nr. 34/1970. **Ákærvaldið**  
 gegn  
**Sveinbirni Gíslasyni.**

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Kærumál. Gæzluvarðhald. Sératkvæði.

**Dómur Hæstaréttar.**

Saksóknari ríkisins hefur skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 18. febrúar 1970. Síðustu skjöl málsins bárust Hæstarétti 5. þ. m. Krefst saksóknari þess, að hinum kærða úrskurði verði breytt þannig, að ákærði sæti gæzluvarðhaldi, unz Hæstiréttur felli dóm í máli hans, en við uppsögu héraðsdóms í því máli hinn 13. febrúar 1970 var lýst yfir því af hálfu saksóknara, „að málinu verði skotið til Hæstaréttar“.

Ákærði krefst þess aðallega, að kærumáli þessu verði vísað frá Hæstarétti, þar sem „saksóknara ríkisins bresti heimild að lögum til að kæra úrskurðinn“. Til vara krefst ákærði þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur með þeirri breytingu, að fellt verði niður það ákvæði úrskurðarins, að honum sé „skylt að hafast við innan lögsagnarumdæma Gullbringu- og Kjósarsýslu, Reykjavíkur og Kópavogs og sæta eftirliti lögreglu“. Ákærði gerir þá þrautavarakröfu, að úrskurðurinn verði staðfestur með þeirri breytingu, að hann